

Nd. 675. Frumvarp til laga [76. mál]

um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, og lögum nr. 7 23. marz 1972, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 11. apríl.)

1. gr.

5. málsg. 14. gr. laganna (sbr. 6. gr. laga nr. 7/1972) orðist svo:

Auk frádráttar samkvæmt 1.—4. mgr. þessarar greinar skal, áður en skattur er á lagður, draga 8% frá beinum tekjum lögskráðra og/eða hlutaráðinna manna af fiskveiðum á íslenskum fiskiskipum.

2. gr.

19. gr. laganna orðist svo:

Skattskyldar eignir teljast með þeim takmörkunum, sem gerðar eru í 2. gr. 3. mgr. og 20. og 21. gr., fasteignir og lausafé skattgreiðanda ásamt hvers konar öðrum verðmætum eignarréttindum. Frá eignum skal draga, áður en skattur er á þær lagður, skuldir skattþegns. Til skuldar ber að telja m. a. ógreiddar uppbætur á keyptar afurðir og ógreiddan afslátt af seldum vörum við árslok, enda sé skattþegni skylt samkvæmt lögum, samþykktum sínum, ef um félag er að ræða, eða samningum að greiða viðskipta- eða félagsmanni sínum slíkan afslátt eða uppbætur. Þegar skattur greiðist samkvæmt 2. gr. 3. mgr., má þó aðeins draga frá þær skuldir, sem hvíla á þeim eignum, sem skattur er greiddur af. Eignirnar eru jafnt skattskyldar, hvort sem þær gefa af sér nokkrar tekjur eða ekki.

3. gr.

IV. liður 25. gr. laganna (sbr. 11. gr. laga nr. 7/1972) orðist svo:

Tekjuskatt þeirra manna, sem náð hafa 67 ára aldri á skattárinu, eða áttu rétt til örorkulífeyris samkvæmt lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, skal lækka sem hér segir:

- a. Tekjuskatt 14 000 krónur eða lægri hjá einstaklingum og 22 000 krónur eða lægri hjá hjónum, skal fella niður.
- b. Tekjuskatt einstaklinga á bilinu frá 14 000 til 56 000 krónur skal lækka um fjárhæð, sem nemur 14 000 krónum, að frádregnum þriðjungi þeirrar fjárhæðar sem óskertur tekjuskattur er hærri en 14 000 krónur.
- c. Tekjuskatt hjóna á bilinu frá 22 000 til 88 000 krónur skal lækka um fjárhæð, sem nemur 22 000 krónum, að frádregnum þriðjungi þeirrar fjárhæðar, sem óskertur tekjuskattur er hærri en 22 000 krónur.

4. gr.

VI. liður 25. gr. laganna (sbr. 11. gr. laga nr. 7/1972) fellur niður.

5. gr.

1. málsg. 37. gr. laganna orðist svo:

Þegar framtalsfrestur er liðinn, skal skattstjóri leggja tekjuskatt og/eða eignarskatt á skattþegn samkvæmt framtali hans. Þó skal skattstjóri leiðrétta augljósar reikningsskekkjur í framtali svo og einstaka liði, ef þeir eru í ósamræmi við gildandi lög og fyrirmæli. Enn fremur skal skattstjóri leiðrétta einstaka liði, ef telja má, að óyggjandi upplýsingar séu fyrir hendi, en gera skal skattþegni strax viðvart um slíkar breytingar. Nú er framtalsskýrsla eða einstakir liðir hennar eða fylgigögn ófullnægjandi, óglögg eða tortryggileg, eða skattstjóri telur þurfa nánari skýringar á einhverju atriði, og skal hann þá skora á framteljanda að láta í té innan ákveðins tíma þau gögn öll, þar með talin bókhaldsgögn, sbr. 36. gr., er skattstjóri telur sér þörf á að fá, svo og skriflegar skýringar, og er framteljanda skylt að verða við áskorun skattstjóra. Fái skattstjóri fullnægjandi gögn og skýringar innan tiltekins tíma, leggur hann skatt á samkvæmt framtali og framkomnum gögnum og skýringum, sbr. þó 47. gr. Berist eigi svar frá framteljanda innan tiltekins tíma, skýringar hans eru ófullnægjandi, eigi eru send þau gögn, sem óskað er, eða send gögn eru ófullnægjandi, skal skattstjóri áætla tekjur og eign skattþegns svo ríflega, að eigi sé hætt við, að fjárhæðir séu áætlaðar lægri en þær eru í raun og veru, og ákveða skatta hans í samræmi við þá áætlun, sbr. þó einnig 47. gr. Áætlun skal tilkynna skattþegni skriflega. Ef eigi er kunnugt um dvalarstað framteljanda eða umboðsmanns hans, má skattstjóri áætla tekjur hans og eign án þess að gera honum viðvart.

6. gr.

46. gr. laganna orðist svo:

Gjalddagi tekju- og eignarskatts skal vera 1. ágúst ár hvert eða 1. dagur næsta mánaðar eftir álagningu, fari hún seinna fram. Lögreglustjórar — í Reykjavík Gjaldheimtan, sbr. reglugerð nr. 95/1962 — innheimta tekju- og eignarskatt. Sé skatturinn eigi greiddur áður en 2 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal greiða dráttarvexti til ríkissjóðs af því, sem ógreitt er, 1½% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem liður, talið frá og með gjalddaga, unz skatturinn er að fullu greiddur. Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett fyllri ákvæði um innheimtuna, svo sem að gjalddagar skuli vera fleiri en einn á ári, þar sem það þykir henta, um tilbúning og sölu skattmerkja og þess háttar. Einnig getur fjármálaráðherra með reglugerð skyldað kaupgreiðendur til að gefa skýrslur um mannahald og halda eftir og skila til innheimtumanns upp í þinggjöld manna hluta af kaupi þeirra til lúkningar gjöldunum, og

má í reglugerðinni setja ítarlegri ákvæði um allt, er að þessu lýtur. Kaupgreiðandi ábyrgist þá fé það, er hann hefur haldið eftir sem geymslufé. Fé þetta og gjöld, er ekki hefur verið haldið eftir vegna vanrækslu kaupgreiðanda, má taka lögtaki hjá honum sem eigin skattar væru. Nú vanrækir kaupgreiðandi að halda fé eftir upp í gjöldin, skila innheimtufé eða umkröfðum skýrslum, og má þá einnig beita sektum, ef eigi er úr bætt innan hæfilegs frests, er innheimtumaður ákveður. Nú skilar kaupgreiðandi ekki fé innan þess frests, sem þannig er ákveðinn, og ábyrgist hann þá einnig greiðslu dráttarvaxta, sem gjaldanda kunna að verða reiknaðir vegna vanskila á innheimtufé.

Innheimtumaður getur ekki krafði gjaldanda um þá fjárhæð, sem kaupgreiðandi hefur haldið eftir af launum hans til greiðslu skatta, þó að kaupgreiðandi hafi ekki staðið skil á greiðslunni til ríkissjóðs. Krafa ríkissjóðs í þrotabú kaupgreiðanda vegna slíkra greiðslna skal vera forgangskrafa og í skuldaröð með þeim kröfum, sem nefndar eru í a-lið 83. gr. laga nr. 3/1878, um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl. Skattgreiðandi, sem ofgreitt hefur skatt til kaupgreiðanda samkv. þessari grein, á rétt á endurgreiðslu beint frá innheimtumanni, hvort sem kaupgreiðandi hefur greitt innheimtumanni skattinn eða ekki.

Þeir, sem hafa á hendi fjárforræði ólöggráða manna, bera ábyrgð á skattgreiðslu þeirra. Um ábyrgð atvinnuveitenda á skattgreiðslu útlendinga, sem þeir hafa í þjónustu sinni, fer svo sem segir í 5. gr. laga nr. 22/1956.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð ákveðið, að innheimta skuli fyrir fram upp í væntanleg þinggjöld yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð, er nemi ákveðnum hluta þeirra þinggjalda, sem honum ber að greiða næstliðandi ár. Við ákvörðun fyrirframgreiðslunnar skal gætt þeirra tekjubreytinga, sem orðið hafa, og almenns efnahagsástands í landinu. Ráðherra er heimilt að miða fyrirframgreiðslu skv. þessari málsgrein við hlutfall af tekjum yfirstandandi árs í stað hlutfalls af gjöldum næstliðins árs, telji hann þá aðferð betur henta. Þar sem innheimta opinberra gjalda er sameiginleg, sbr. lög nr. 68/1962, skulu heimildir þessarar mgr. taka með sama hætti til innheimtu annarra gjalda en þinggjalda.

Nú verður ljóst, þegar álagningu skatta lýkur, að gjaldandi hefur þegar greitt meira en álagða skatta, og skal þá endurgreiða það, sem ofgreitt var, ásamt $\frac{1}{2}\%$ vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem fé var í vörzlu ríkissjóðs.

Nú breytir ríkisskattanefnd skatti svo seint, að tilkynning um það hefur eigi náð innheimtumanni fyrir gjalddaga skattsins, og skal hann þá innheimta eða endurgreiða þann skatt síðar.

Óheimilt er að slíta félagi og úthluta eignum þess, fyrr en opinberir skattar af tekjum þess og eignum hafa verið greiddir að fullu fyrir allan starfstíma félagsins.

7. gr.

52. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er skattstjóra að taka til greina umsókn skattþegns um lækkun tekjuskatts, þegar svo stendur á sem hér segir:

1. Ef ellihrörleiki, veikindi, slys eða mannslát hafa skert gjaldþol skattþegns verulega.
2. Ef á framfæri skattþegns eru börn, sem haldin eru langvinnum sjúkdómum eða eru fötluð eða vangefin og valda framfærendum útgjöldum umfram venjulegan framfærslukostnað. Fallist skattstjóri á umsókn skattþegns, skulu tekjur hans til álagningar lækkaðar um eigi lægri fjárhæð en nemur barnafrádrætti samkvæmt 16. gr. fyrir hvert barn, sem þannig er ástatt um.
3. Ef skattþegn hefur foreldra eða aðra vandamenn sannanlega á framfæri sínu.
4. Ef skattþegn hefur haft veruleg útgjöld vegna menntunar barna sinna eldri en 16 ára.

5. Ef skattþegn hefur orðið fyrir verulegu eignatjóni af völdum náttúruhamfara, eldsvoða eða búfjársjúkdóma, enda hafi hann ekki fengið tjón sitt bætt úr hendi annarra aðila.
6. Ef gjaldþol skattþegns hefur skerzt verulega vegna tapa á útistandandi kröfum, sem ekki stafa frá atvinnurekstri hans.
7. Ef skattþegn lætur af störfum vegna aldurs og gjaldþol hans skerðist verulega af þeim sökum.

Nánari ákvæði um skilyrði fyrir framangreindum ívilnunum skulu sett í reglugerð. Skattstjóri getur veitt ívilnanir samkvæmt þessari grein án umsóknar. Ákvörðun skattstjóra samkvæmt þessari grein má skjóta til ríkisskattstjóra, sem tekur endanlega ákvörðun í málinu. Ríkisskattstjóri skal sérstaklega fylgjast með ívilnunum þeim, sem skattstjórar veita samkvæmt þessari grein, og sjá til þess, að samræmis sé gætt og réttum reglum fylgt.

Greiði skattþegn, sem skattskyldur er hér á landi, samkvæmt ákvæðum I. kafla þessara laga, skatta af eignum sínum og tekjum, sem skattskyldar eru hér á landi, til ríkissjóðs eða opinberra aðila í ríki, sem Ísland hefur ekki gert við tvísköttunarsamning, er ríkisskattstjóra heimilt, samkvæmt umsókn skattþegns, að lækka tekjuskatt eða eignarskatt með hliðsjón af þessum skattgreiðslum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta til ríkissjóðs fyrir skattárið 1972.